

## Slysaætta vegna drifskaftra í landbúnaði og garðyrkju

Af gefnu tilefni vill Vinnueftirlitið og Bændasamtök Íslands vekja athygli á þeirri alvarlegu slysaætta sem getur fylgt drifsköftum. Slysa í tengslum við notkun þeirra verða yfirleitt mjög alvarleg og má sem dæmi nefna að fyrr á þessu ári varð hörmulegt slysa þar sem barn lést eftir að komast í snertingu við óvarið drifskaftr.

Til að tryggja öryggi þarf drifskaftrið að vera búíð öryggishlíf þannig að hún loki drifskaftrið af og snúist ekki með því. Jafnframt þurfa að vera hlífur um afl-úttak og afl-inntak þeirra véla sem drifskaftrið tengir. Keðja (stagkeðja) á að vera úr drifskaftrshlíf yfir í hlíf um aflúttak og aflinntak til að hindra að hlífir geti snúist með skaftrinu.

Tryggja þarf reglubundið viðhald og góða umhirðu öryggishlífar þannig að hún virki sem skyldi og til að tryggja endingu hennar. Einnig þarf að tryggja örugga geymslu drifskaftra og hlífur þegar búnaðurinn er ekki í notkun til að koma í veg fyrir að hann skemmist.

**Mikilvæg atriði** sem þarf að hafa í huga varðandi viðhald drifskaftrshlífa og búnaðar:

- Tryggja að hlífarnar séu réttar á drifskaftrinu, legur liðugar og í réttum grópum
- Hreinsa og smyrja þá hluta drifskaftrshlífa (hlífðarröranna) sem núast saman
- Smyrja legurnar í hlífunum
- Hafa stagkeðjurnar í lagi og vel festar
- Halda drifskaftrinu og tengingum þess hreinum
- Smyrja hjöruliði reglulega
- Smyrja láspinnann
- Framkvæma viðgerðir strax, ekki bíða eftir slysinu
- Láta fagmann annast viðgerðir ef þörf krefur
- Endurnýjun þegar þörf krefur

Til að fyrirbyggja slysa er mikilvægt að hafa framangreind atriði í huga.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að ungmennum yngri en 18 ára er óheimilt að vinna við tæki sem knúin eru með drifskaftri, sbr. reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga.

Hvetur Vinnueftirlitið og Bændasamtök Íslands stjórnendur og alla þá sem vinna með tæki sem knúin eru með drifskafi að fara vandlega yfir ástand og umhirðu viðkomandi búnaðar og tryggja að öllum öryggisatriðum sé fullnægt.

### **Áhættumat á vinnustað**

Vinnueftirlitið vill jafnframt minna á skyldu bænda að gera áhættumat fyrir vinnustaðinn í heild, sbr. reglugerð nr. 920/2006. Áhættumat starfa felst í því að meta áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna. Skoða skal hvort eitthvað í vinnuumhverfinu geti valdið slysum/heilsutjóni til lengri eða skemmri tíma. Í kjölfar áhættumatsins ber að gera ráðstafanir og úrbætur í forvarnarskyni.

Vinnueftirlitið hyggst fara af stað með námskeið fyrir bændur um gerð áhættumats á haustdögum 2011. Nánari upplýsingar um það munu berast síðar.

Einnig er bent á heimasíðu Vinnueftirlitsins, [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is), en þar er að finna leiðbeiningaefni fyrir áhættumat og vinnuumhverfisvísi fyrir landbúnað og gátlista fyrir búvélar/dráttarvélar